

1874. alþingismenn hver, en hinar aðrar sýslur í Íslandi og Reykjavíkur  
5. janúar. kaupstaður kjósa 1 alþingismann hver.

## 2.

Þangað til lög þau, sem getið er í 3. grein, koma út, skal hæsti réttur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland fyrir afbrigði gegn stjórnarskránni eptir þeim málsfærslu-reglum, sem gilda við tæðan rétt.

## 3.

Þangað til að þingsköp hins sameinaða alþingis og bægja deilda þess verða ákveðin með lagaböði, áskilur konungur sér að ákveða þingsköpin til bráðabirgða.

## 4.

Konungur gjörir ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að stjórnarskránni verði komið fullkomlega í verk einhvern tíma á árinu 1875. Áætlun um tekjur og gjöld Íslands á árinu 1875 staðfestir konungur samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hefir fylgt verið.

5. janúar. **2. Tilskipun um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefir.** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefir, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

## 1. grein.

Landshöfðinginn yfir Íslandi getur ákveðið hegningu fyrir minni háttar yfirsjónir, sem fangar þeir, er dæmdir eru í hegn-

ingarhúsið í Reykjavík, verða sekir í, ef hann álitur, að þær <sup>1874.</sup> verði afplánaðar með einhverri af refsingum þeim, sem hér skulu 5. janúar. taldar:

- a. harðari hegningarvinnu um allt að 8 vikna tíma;
- b. líkamlegri refsingu, allt að 27 höggum með hnúta-kaðli, kaðal-enda, eða reyrpriki, þá er karlmenn eiga í hlut, sem eru eldri en 18 ára; allt að 18 höggum með reyrpriki, sè þeir frá 15 til 18 ára að aldri, en ef börn eiga í hlut, sem ekki eru eldri en 15 vetra, með allt að 18 vandar höggum;
- c. hegningu við vatn og brauð, allt að þrisvar sinnum 5 dögum, sem skal út tekin í kompu sèr, en þess skal samt gætt, sem fyrir er mælt í hinum almennu hegningarlögum fyrir Ísland 25. júní 1869, 23. grein;
- d. fangelsi sèr í kompu, allt að 6 mánuðum, eptir því, sem atvik eru til, annaðhvort án þess að þeim seka leyfist, að hafa það, sem hann hefir unnið sèr inn með aukavinnu, til þess að fá sèr aðra eða mæri fæðu, en ákveðin er, eða án þess hann sè látinn vinna, en samt má ekki beita síðarnefndri hegning lengur í senn en í mesta lagi 4 vikur, og skal líða ámilli minnst 1 vika.

### 2. grein.

Líkamlegri refsingu má eigi beita, fyr en búíð er að leita álits læknisins um, hvort fanginn geti þolað hana, og skal hún ávallt framkvæmd í vidurvist bæjarfógetans í Reykjavík, en ekki í auglýsýn hinum fongunum, nema landshöfðingi hafi beinlínis ákveðið það.

Sèrhver sá fangi, sem út tekur slíka refsingu, skal þegar á eptir settur í kompu einn sèr til næsta dags. Það er að öðru leyti vitaskuld, að líkamlegum refsingum verði venjulega ekki beitt, nema það hafi sýnt sig, að vægari aðferð, t. a. m. ofanígjöf eða fangelsi í kompu sèr um tíma, hafi verið árangurslaus.

### 3. grein.

Áliti landshöfðinginn, að afbrotið sè svo saknæmt, að það  
Tíð. um stjórnarmál. III.

1874.

5. janúar.

eigi verði afplánað með nokkurri af þeim refsingum, sem nefndar eru í 1. gr., skal málið ganga til dóms og laga eptir þeim reglum, sem um sakamál gilda, og skal þeim einnig fylgt, ef dómum, sem falla í þessum málum, verður skotið til æðra rættar.

## 4. grein.

Bæjarfógetinn í Reykjavík hefir vald til, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 2. gr., að hegna föngunum fyrir yfirsjónir, er lúta að óreglu, með allt að 9 höggum með reypríki eða vendi, eða með fangelsi í kompu sèr allt að 2 sólarhringum; samt má eigi beita hýðingu með reypríki við kvennmenn, sem eru í fangelsi.

## 5. grein.

Sèrhverja hegning, sem samkvæmt þessari tilskipun er beitt við einhvern fanga, skal færa inn í hegningarbók, sem landshöfðingi löggildir, og skal þar jafnframt skýrt frá afbrotinu.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

**Ástæður fyrir lagaboði þessu<sup>1</sup>.**

Áður en farið yrði að nota hegningarhús það, sem byggt er á Íslandi, þurfti meðal annars að gjöra ákvörðun um hegningarvald það, sem veita skal stjórn hegningarhússins; dómsmálastjórnin lét því semja frumvarp til tilskipunar um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefir, og var síðan frumvarp þetta, sem að mestu leyti var sniðið eptir lögum þeim, sem í þessu tilliti gilda fyrir Danmörk, 3. desember 1850, lagt fyrir alþingi 1873. Þingið ræddi síðan frumvarpið á lögskipaðan hátt og lét uppi álit sitt um það eins og hér skal sagt.

Þingið komst á þá niðurstöðu, að frumvarpið í öllum aðalatriðum sínum væri næsta óaðgengilegt og óhaganlegt fyrir Ísland, og ræði frá, að það yrði látið ná lagagildi, án þess þó að gjöra ákveðnar uppástungur um breytingar á því, þar sem þingið eigi þóttist geta gjört sèr von um, að tillit mundi verða tekið til

<sup>1</sup>) Tíðindi frá alþingi, 1873, I., 17, 238, 253—259; II., 74—77, 180—181, 184—185 og 253—255.

1874.

5. janúar.

verulegra breytinga frá sinni hálfu. Samt sem áður tók þingið fram í álitsskjali sínu helztu annmarkana, sem þóttu vera á frumvarpinu, og skal hér með fáum orðum skýrt frá þeim.

Þingið áleit í fyrsta máta, að orðin, »minniháttar yfirsjónir« í 1. gr., sem, samkvæmt athugasemdunum við frumvarpið, yfirgrípa ekki að eins óhlýðni við yfirboðara, heldur einnig önnur brot gegn góðri röð og reglu í hegningarhúsinu, t. a. m. ofbeldi, svik, stuld á verkefni og áhöldum, sem hegning einnig liggur við eptir hinum almennu hegningarlögum handa Íslandi 25. júní 1869, væri of óákveðin, og væri því svo sljólega tekið fram sambandið milli frumvarpsins og hinna almennu hegningarlaga, að frumvarpið í reyndinni yrði að leiða til gjörræðis. Í annan stað virtist þinginu hegning sú, sem ákveðin er í frumvarpinu, hærri, en nauðsynlega leiddi af grundvallarreglum hinna almennu hegningarlaga, með því frumvarpið gæti ekki álitizt að hafa fyrir augum eiginleg svik og þjófnað, nema á mjög lágu stigi. Í þriðja lagi fannst þinginu, að hegningaraðferðin með hnútakaðli og kaðalenda, væri með öllu ótílkæileg, og mundi mjög særa tilfinningu manna á Íslandi, og í fjórða lagi, að það væri mjög óráðlegt, að leggja jafnumfangsmikið og jafnóákveðið hegningarvald, sem frumvarpið gjörir ráð fyrir, í hendur landshöfðingja, og láta hina brotlegu þannig á svo háu stigi fara á mis við réttlætistrygging þá, sem rannsókn og úrskurður dómstólanna gæfi.

Í álitsskjali sínu hefir konungsfulltrúi mótmælt þessum athugasemdum alþingis, og tekið fram, að hvorki væri hætt við því, að orðin »minniháttar yfirsjónir« yrði misskilin, nè við því, að frumvarpið í reyndinni mundi leiða til gjörræðis. Að því leyti, er snerti hegningaraðferðina, gat hann þess, að nú um svo langan tíma hefði verið beitt vandarhagga hýðingu á Íslandi, og það bæði við karlmenn og kvennmenn. Þar sem þingið hafði tekið fram, að það væri óráðlegt, að fá landshöfðingja í hendur svo umfangsmikið hegningarvald, sem frumvarpið gjörði ráð fyrir, tók konungsfulltrúi fram, að það þætti óhætt annarstaðar, að veita hegningarhúsförstjórum það vald, sem hér væri að ræða um.

Með því nú er búið að byggja hegningarhúsið í Reykjavík, og ætla má á, að fara megi að nota það í síðasta lagi fyrst á

1874.  
5. janúar.

árinu 1875, — en nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að hegningarhúsið verði notað, er það, að tilskipun um hegningarvald fyrir stjórn hegningarhússins komist í gildi áður —, varð dómsmálastjórnin að leggja það til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það nú þegar yrði óbreytt gjört að lögum, svo lagabóðið gæti komiðt heim til Íslands með fyrstu póstskeipsferð 1874 og yrði birt á manntalsþingum.

5. janúar.

### 3. Tilskipun um hlunnindi nokkur fyrir sparissjóði á Íslandi (á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Niundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um hlunnindi nokkur fyrir sparissjóði á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Landshöfðinginn yfir Íslandi skal hafa vald til fyrir nákvæmar ákveðið tímabil og með þeim skilyrðum viðvíkjandi reikningsskillum o. fl., som þörf kann á að þykja, að veita sparissjóðum, sem eru eða kunna að verða stofnaðir þar, og sem svo er komið fyrir, að álita megi, að næg trygging sè fyrir því, að þeir sè fullveðja, hlunnindi þau, sem hér skulu talin, annaðhvort öll eða nokkur af þeim:

1) að stjórn sjóðsins geti, ef viðskiptabók, sem látin er af hendi fyrir fè, sem sett er í sjóðinn, glatast, með auglýsingu, sem prentuð sè þrisvar sinnum samfleytt í þeim tíðindum, sem birta skal í opinberar auglýsingar á Íslandi, innkallað með 6 mánaða fresti hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef enginn hefir sagt til sín, áður tæður frestur er liðinn, borgað þeim hlutareiganda, sem viðskiptabókina hefir fengið, upphæðina, án þess að nokkur annar, sem viðskiptabókin kann að vera afsöluð, þar fyrir geti búið kröfu á hendur tæðum sjóð;